

Matsferill

Til þess að fylgjast með þroska og námsframvindu barna þarf fjölbreytt matstæki. Matsferill inniheldur þessi matstæki og aftar upplýsinga um stöðu og framfarir nemenda á mörgum sviðum, eins og til dæmis málþroska, lesfimi, stærðfræði og lesskilningi. Niðurstöður Matsferils auðvelda starfsfólki skóla að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni, með kennslu og námsgögnum við hæfi.

Með Matsferli munu nemendur, forsjáraðilar og skólar fá **meiri og betri upplýsingar** um stöðu og framfarir í námi en nokkru sinni áður.



Hvað er Matsferill?

Til þess að fylgjast með þroska og námsframvindu barna þarf fjölbreytt matstæki. Matsferill inniheldur þessi matstæki og aftar upplýsinga um stöðu og framfarir nemenda á mörgum sviðum, eins og til dæmis **málþroska, lesfimi, stærðfræði og lesskilningi**.

Niðurstöður Matsferils auðvelda starfsfólki skóla að mæta hverju barni þar sem það er stött hverju sinni, með kennslu og námsgögnum við hæfi.



Málþroski

Mælir þroska í málnotkun og málskilningi



Lesfimi

Fylgist með framförum í lestri



Stærðfræði

Metur stöðu í stærðfræði



Lesskilningur

Kannar skilning á texta

Hvað eru matstæki?

Matstæki Matsferils innihalda verkefni sem eru lögð fyrir nemendur til að fá upplýsingar um hvernig þeim gengur í námi. Þegar fylgst er með framvindu nemandans er matstækið lagt fyrir reglulega og skoðað hversu vel viðkomandi gengur að ná tókum á námsefninu.

Sum matstæki Matsferils veita líka upplýsingar um hvort nemendur séu að glíma við einhverja tiltekna erfiðleika og hvort þurfi að aðstoða þá sérstaklega á því sviði.

01

Verkefni lögð fyrir

Nemendur fá verkefni til að meta stöðu þeirra

02

Reglulegt mat

Matstækið er lagt fyrir reglulega til að fylgjast með framvindu

03

Greining á erfiðleikum

Upplýsingar um hvort nemendur glími við tiltekna erfiðleika

04

Sérstök aðstoð

Ákvörðun um hvort þurfi að aðstoða nemendur sérstaklega

Hringrás mats og kennslu

Með því að halda vel utan um hvernig nemendur standa í námi og hvernig framvinda þeirra er gefst starfsfólki skóla tækifæri til að breyta og bæta kennslu. Upplýsingarnar á að nota til að skipuleggja kennsluna þannig að námsþörfum allra nemenda sé mætt og síðan eru þeir metnir aftur til að sjá hvernig kennslan hefur tekist. Þetta kallast **hringrás mats og kennslu**.

Öllum matstækjum Matsferils fylgir náms- og íhlutunarefni svo hægt sé að bregðast við niðurstöðum og auka líkur á bættum árangri í námi.



Innleiðing Matsferils

Skólaárið 2025-2026

Matsferill verður innleiddur í skólum á Íslandi skólaárið 2025-2026. Með Matsferli munu nemendur, forsjáraðilar og skólar fá meiri og betri upplýsingar um stöðu og framfarir í námi en nokkru sinni áður.

Niðurstöður Matsferils auðvelda starfsfólki skóla að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni, með kennslu og námsgögnum við hæfi.

Helstu kostir Matsferils

- Fjölbreytt matstæki fyrir mismunandi námssvið
- Reglulegt mat á framvindu nemenda
- Náms- og íhlutunarefni fylgir öllum matstækjum
- Betri upplýsingar fyrir nemendur, forsjáraðila og skóla
- Kennsla við hæfi hvers barns

